

Ed.

446. Nefndarátt

um frv. til laga um þinglýsing skjala og aflýsing.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með smávægilegum breytingum, sem gerð verður grein fyrir í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 7. gr. Á eftir orðunum í 2. málsg. »ef nokkur er« komi: veðsetninga.
2. Við 11. gr. Fyrir »skráa þeirra« í síðustu málsg. komi: skráanna.
3. Við 13. gr. Orðin »í bókinni« í 2. málslíð fyrri málsgreinar falli burt þar, en sömu orð bætist inn í 1. málslíð á eftir orðunum »rita á skjalið«.
4. Við 16. gr. Fyrir »1. júlí 1928« komi: 1. jan. 1929.

Alþingi, 9. mars 1928.

Jón Baldvinsson,
form.

Jón Þorláksson,
frsm.

Ingvar Pálmason,
fundaskrifari.